

# Fréttabréf HSP 8. júní 2010

---

## Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ er ætlaður ungmennum á aldrinum 11-18 ára. Frjálsíþróttaskólinn verður haldinn að Laugum í Reykjadal dagana 21.-25. júní. Þátttökugjald er kr. 15.000,- og fer skráning fram á heimasíðu UMFÍ, [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

## Aksturssjóður

Umsóknarfrestur í Aksturssjóð HSP fyrir tímabilið janúar – maí 2010 er til 20. júní 2010.

Umsóknareyðublaðið er hægt að nálgast á heimasíðu HSP, [www.hsth.is](http://www.hsth.is), og sendist á skrifstofu HSP:

Hérðassamband Þingeyinga – Aksturssjóður  
Stóragarði 8  
640 Húsavík

Eða sem viðhengi í tölvupósti. [hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is)

## Fjölskyldan á fjallið

Mývetningur, íþrótt- og ungmennafélag stóð fyrir göngu á Hverfjall 5. júní. Fyrirhuguð er ganga á Óttar í Þistilfirði þann 13. júní með uppákomum í tengslum við ljóð og ljóðagerð. HSP hvetur alla Þingeyinga til að koma og taka þátt í þessum viðburði, en nánari upplýsingar um verkefnið „Fjölskyldan á fjallið“ er á [www.ganga.is](http://www.ganga.is).

## Héraðsmót HSP

Sumarleikar HSP verða haldnir á Laugum í Reykjadal 26.-27. júní.

Héraðsmót í knattspyrnu verður haldið eitt síðdegi í sumar. Dagsetning auglýst síðar.

Hérðasmót í sundi verður haldið í september. Nánari dagsetning verður auglýst síðar.

## Unglingalandsmótið í Borgarnesi

Unglingalandsmótsnefnd hefur ákveðið þá nýbreytni að vera ekki með veitingar fyrir keppendur HSP í tjaldinu. Aðstaðan verður til staðar og kaffivél meðferðis. Tjald HSP verður samt sem áður þjónustumiðstöð okkar og mælst til að forráðamenn keppenda taki með bakkelsi fyrir kvöldsamveruna. Mikilvægt er að allir taki með sér góða skapið og taki þátt í að skapa skemmtilega HSP stemmingu í tjaldinu okkar.

HSP mun skaffa keppendum bol með merki sambandsins og ætlast er til að allir klæðist þessum bol við setningarhátíðina. Jafnframt er mælt til þess að allir keppendur klæðist svörtum buxum við setningarathöfnina.

## Formannafundur HSP

Fimmtudaginn 3. júní var haldinn formannafundur í íþróttahúsinu á Húsavík. Halldóra Gunnarsdóttir kynnti ný lög fyrir ráð HSP, auk erindisbréfs fyrir nefndir. Formenn voru beðnir að skoða þetta vandlega og koma með athugasemdir, en vonast er til að þessi lög og erindisbréf verði tilbúin til samþykktar á næsta ársþingi HSP. Ingólfur Sigfússon kynnti nýja heimasíðu HSP sem er í smíðum. Leist fundarmönnum vel á og bíður hún upp á marga möguleika fyrir öll aðildafélög HSP. Hvöttu fundarmenn Ingólfur áfram til að ljúka við síðuna hið fyrsta. Birkir Jónasson kynnti nýtt fyrirkomulag varðandi veitingar í HSP tjaldinu á Unglingalandsmótinu í sumar. Formenn voru tilbúnir í að prófa þetta í sumar og endurskoða fyrir næsta ár. Flestir voru þó sammála um að veitingar í tjaldinu væru barns síns tíma, mikilvægt væri að hafa þjónustumiðstöð fyrir HSP og því tjaldið nauðsynlegt til að koma saman og hafa stað þar sem allar upplýsingar væru til taks. Jóhanna Kristjánsdóttir kynnti Aksturssjóð HSP og ýtrekaði að formenn hvettu alla sem sækja æfingar utan síns aðildafélags að sækja í sjóðinn, en umsóknarfrestur er til 20. júní. Jóhanna kynnti einnig almenningsíþróttir sem eru á vegum UMFÍ, en um þessar mundir ber hæst „Fjölskyldan á fjallið“ og Helgi á göngu (23.-27. júní). Nánari upplýsingar um það er á [www.ganga.is](http://www.ganga.is). Sveinn Aðalsteinsson kynnti héraðsmót HSP, en mikil umræða var um framtíð knattspyrnumótsins og rætt um hvort möguleiki væri á því að koma aftur af stað innanhússmóti yfir vetrartímamann í knattspyrnu. Jafnframt var lögð rík áhersla á að Ásbyrgismótið héldi sér í óbreyttri mynd. Þrjú héraðsmót verða því í sumar: Sumarleikar HSP, héraðsmót í knattspyrnu og héraðsmót í sundi. Jóhanna kynnti að endingu fyrirkomulag fréttabréfs HSP og stjórnarfundar. Stjórn HSP mun funda fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og verður fundarstaður breytilegur, en stjórnin mun flakka á milli aðildafélaga HSP og þannig kynnast betur þeirri starfsemi sem fram fer í hverjum stað og einnig munu aðildafélögin hafa tækifæri til að kynnast stjórninni betur. Vonast er því eftir að gott samstarf verði milli stjórnar og aðildafélaga HSP. Fréttabréf HSP mun svo verða gefið út annan þriðjudag í hverjum mánuði og sent út rafrænt á netföng þeirra sem vilja fá það.

## Frá Völsung á Húsavík.

Framhaldsskólinn á Húsavík og Íþróttafélagið Völsungur undirrituðu á dögum samstarfssamning um kennslu afreksíþróttáfanga. Afreksíþróttáfangar eru ætlaðir þeim nemendum sem stunda æfingar með íþróttafélagi fjórum til sex sinnum í viku. Afreksíþróttáföngum er því ætlað að styðja við íþróttaiðkun nemenda með það að markmiði að þeir nái sem bestum árangri í sínum greinum. Nemendur í afreksíþróttáföngum skuldbinda sig til þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl og vera örðum nemendum fyrirmyndir í þeim efnum. Tekið af fsh.is en þar má einnig sjá áfangalýsingu og aðrar upplýsingar.